

Árbók

Kapólsku kirkjunnar á Íslandi

2020-2021

Lesár B

Biskupsdæmið Reykjavík

© Kapólska kirkjan á Íslandi
Allur réttur áskilinn

Í umboði Reykjavíkurbiskups
+David B. Tencer OFMCap.

Séra Hjalti Þorkelsson tók saman
Prófarkarlestur annaðist Þorkell Örn Ólason

Október 2020

UM MIKILVÆGI OG GÖFGI HEILAGRAR MESSU

Messuhaldið, sem verk Krists og þess Guðs lýðs sem skipað
er eftir helgi sinni, er miðja alls kristins lífs bæði fyrir heims-kirkjuna og staðarkirkju
sem og sérhvern trúaðan mann,

því að í messuhaldinu nær hámarki sínu það verk sem Guð helgar heiminn með í
Kristi og sú tilbeiðsla sem mennirnir auðsýna Föðurnum er þeir dýrka hann í Kristi,
Syni Guðs,

í Heilögum Anda.

Einnig er í henni þannig minnst um ársins hring leyndardóma endurlausnarinnar að
þeir eru á vissan hátt nærverandi,
og aðrir heilagir verknaðir og öll verk kristins lífs eru samknýtt henni, fljóta af henni
og skipast til hennar.

Þess vegna er ákaflega mikilvægt að messuhaldi, þ.e.a.s. fagnaði máltíðar Drottins, sé
þannig skipað að allir
sem taka þátt í henni, prestar og trúaðir, hver eftir sinni stöðu,
njóti af henni í æ ríkari mæli þeirra ávaxta
sem eru tilgangur þess að Kristur Drottinn stofnsetti þakkarfórn líkama síns og blóðs,
en hana fól hann kirkjunni, sinni elskuðu brúði, til minningar um písl sína og
upprisú.

Úr formála Rómverskrar messubókar. Gr. 16, og 17.

Yfirlit yfir kirkjuárið 2020-2021

Lesröð sunnudaga: B

Lesröð virka daga: I

Hreyfanlegar hátíðir

1. sunnudagur í aðventu	29. nóv.	2020
Hátíð heilagrar fjölskyldu	27. des.	2020
Birting Drottins	03. jan.	2021
Skírn Drottins	10. jan.	
Öskudagur	17. feb.	
Páskadagur	04. apríl	
Uppstigningardagur	13. maí	
Hvítasunna	23. maí	
Þrenningarhátíð	30. maí	
Dýridagur	03. júní	
– sé hátíðin færð á sunnudag	06. júní	
Jesú hjarta hátíð	11. júní	
Krists konungs hátíð	21. nóv.	

Almennur tími innan ársins

Almennur tími innan ársins 2021 eru 34 vikur. Sex vikur fyrir lönguföstu frá 11. janúar, mánudag eftir Hátíð skírnar Drottins, til 16. febrúar, þriðjudag fyrir öskudag. Sjöttu viku er sleppt, því hefst almennur tími frá 8. viku innan árs 24. maí, mánudaginn eftir hvítasunnudag.

MINNST HJÁLPRÆÐISVERKA KRISTS,
hinna heilögu
og brautryðjenda kirkjunnar á vorum tímum

Skrá um messudaga

Dánardagar biskupa og presta

Helgidagaskylda í kaþólska biskupsdæminu Reykjavík:

1. Allir sunnudagar
2. Jóladagur
3. Uppstigningardagur
4. 1. janúar, stórhátíð heilagrar Maríu meyjar og Guðsmóður
5. Allra heilagra messa

Eftirtalдар hátíðir færast til sunnudags:

1. Dýridagur – sunnudaginn eftir þrenningarhátíð
2. Vígsludagur Kristskirkju í Landakoti (23. júlí), sunnudaginn eftir vígsludag.
3. Uppnumning Maríu

Ef aðstæður leyfa má halda hátíðirnar á deginum sem þeim er ætlaður í *Calendarium Romanum generale*.

Messudagar heilags Þorláks, verndardýrlings Íslands

skulu haldnir sem hér segir:

20. júlí	Stórhátíð
23. desember	Hátíð

(Helgihald á sunnudegi: Hátíðir, sem eru í sérstökum metum meðal trúaðra og falla á virkan dag, er leyft að færa til sunnu-daga innan kirkjuársins ef það kemur söfnuðinum betur.

Með því skilyrði þó að þær séu mikilvægari en sunnu-dagurinn. Þá má nota texta hátíðarinnar í öllum fjölsóttum messum. KJ 58).

Í dagatalinu sem hér fer á eftir er fylgt kirkjudagatali Rómversk kaþólsku kirkjunnar fyrir árið 2020-2021

Minning heilagra er tvenns konar: Fyrirmæltir minningar-dagar merktir **M** eða minningardagar að frjálsu vali merktir stjörnu * en þá má velja texta dagsins eða texta minningar-messu.

Á lönguföstu hefur messa dagsins ávallt forgang fyrir minningu heilagra.

Þó má lesa safnbæn minningardagsins í stað safnbænar messu dagsins.

Messudögum nokkurra dýrlinga, sem helgi var á hérlandis til forna, hefur verið bætt inn í. Tilgangurinn með þessum viðbótum er að minna á samhengið í sögu kirkjunnar og vísa til uppruna kristni hér á landi. Þannig var minnst hér fyrr á öldum norskra, írskra, enskra, þýskra, flæmskra og franskra dýrlinga auk píslarvotta frumkirkjunnar og helgra manna sem þekktir voru um alla heimsbyggðina.